

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslandsbleikja Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysuströnd.



Dags eftirlits	6.6.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Íslandsbleikja	Fulltrúi UST	
Heimili	Stóru-Vatnsleysu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6104061060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	05.02.2
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Kjartan Jónsson	Staðsetning	331424,101 390175,263

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og bent á skiladaga skv. því.

Farið var yfir eftirlit síðasta árs en engin frávik né athugasemdir komu fram við það eftirlit.

Búið er að skila inn öllum þeim gögnum sem skila á skv. starfsleyfi fyrir árið 2012. Minnt er á að næstu mælingar úr frárennsli skv. gr. 3.3. í starfsleyfi eru árið 2014.

Engin óhöpp hafa verið á árinu og engar kvartanir hafa borist að sögn rekstraraðila.

Farið var yfir úrgangsmál. Öllum dauðfisk er safnað saman og hann sendur til vinnslu dýrafóðurs. Sjálfvirk hreinsun er komin á hluta kerjanna og berst dauðfiskur upp í gildru í frárennslisstokk þar sem auðvelt er að fjarlægja hann. Unnið er að því að tengj fleiri ker þessum búnaði.

Stöðin var skoðuð. Litið var yfir eldisker, varaafsstöðvar og olúgeymar skoðaðir. Engar athugasemdir voru gerðar þar. Litið var niður í fjöru og myndir teknar en ekki náðist að skoða frárennslisop þar sem fallið hafði að. Rætt var um að næsta eftirlit verði á öðrum tíma dags svo unnt verði að komast að frárennslisopi. Engin óvenjuleg gróðurmyndun sást í fjörunni og fáir fuglar voru við útrás, einungis 3-5 fuglar á sveimi.

Bent var á að öll gögn skuli send á ust@ust.is, sem og á netfang eftirlitsmanns.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

Reykjavík, 10.06.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.